STJÓRNARTÍÐINDI B 3 — 1982

19. janúar 1982. 5 Nr. 4.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 682/1981 um innheimtu bifreiðagjalda o. fl.

c- og d-liðir 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

c. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín og eru 4000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd greiðist þungaskattur í formi gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt ökumæli. Af tengi- og festivögnum, sem eru yfir 6 tonn að leyfðri heildarþyngd, greiðist þungaskattur á sama hátt. Ákvæði reglugerðar þessarar eiga við tengi- og festivagna jafnt sem bifreiðar eftir því sem við á.

Leyfð heildarþyngd bifreiðar tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km kr.	Leyfð heildarþyngd bifreiðar tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km kr.
4,0— 4,9	0,52	15,0—15,9	1,11
5,0— 5,9	0,56	16,0—16,9	1,20
6,0— 6,9	0,60	17,0—17,9	1,29
7,0— 7,9	0,63	18,0—18,9	1,37
8,0— 8,9	0,66	19,0—19,9	1,47
9,0— 9,9	0,69	20,0—20,9	1,55
10,0—10,9	0,73	21,0—21,9	1,64
11,0—11,9	0,76	22,0—22,9	1,74
12,0—12,9	0,85	23,0—23,9	1,82
13,0—13,9	0,93	24,0—24,9	1,91
14,0—14,9	1,03	25,0—25,9	2,00

Af fólksflutningabifreiðum 17 farþega og fleiri, sem rétt hafa til sérleyfis- eða hópferðaaksturs, skal greiða 33% lægri þungaskatt en að ofan greinir.

d. Eigendur bifreiða er um getur í a- og b-liðum þessarar greinar geta að eigin vali greitt þungaskatt í formi gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt ökumæli í stað fasts árgjalds. Gjald fyrir hvern ekinn kílómetra skal þá vera 0,52 kr. Greiða skal 1/12 hluta gjaldsins skv. a- eða b-lið þessarar greinar, eftir því sem við á, fyrir hvern mánuð sem bifreiðin er í notkun án þess að vera útbúin viðhlítandi ökumælisbúnaði. Mánuður í þessu sambandi teljast 15 dagar eða fleiri en 14 dögum eða færri skal sleppt. Bifreiðaeftirlitsmaður skal skrá í athugasemdadálk skráningarskírteinis bifreiðar hvort greiða skuli þungaskatt samkvæmt ökumæli eða fast árgjald.

Frá þeirri stundu er bifreiðaeftirlitsmaður hefur viðurkennt ökumælisbúnað bifreiða, er hér um ræðir, gilda um þær öll ákvæði þessarar reglugerðar er að ökumælum lúta svo og ákvæði reglugerðar nr. 62/1977 með síðari breytingum.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um fjáröflun til vegagerðar nr. 79 6. september 1974, sbr. lög nr. 78 23. desember 1975 og lög nr. 78 31. desember 1977 um breyting á þeim lögum, öðlast gildi þegar í stað og tekur til aksturs, sem á sér stað eftir að 1. álestrartímabili 1982 lýkur, en því lýkur á tímabilinu 20. janúar 1982 til 10. febrúar 1982. Hafi ekki verið komið með bifreið til álestrar vegna 1. álestrartímabils 1982 á réttum tíma, skal reikna út meðaltal ekinna kílómetra á dag á tímabilinu milli álestra. Af meðaltalsakstri, sem samkvæmt þessu hefur átt sér stað eftir lok 1. álestrartímabils skal innheimta hið hækkaða gjald.

Fjármálaráðuneytið, 19. janúar 1982.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.